

## GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg

### 1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013, sbr. 3. gr. hennar.

### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

A) Skráning	kr.	11.821,-
B) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald	kr.	20.416,-
C) Bráðabirgðaskráning	kr.	2.746,-

### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	kr.	19.223,-
------------------	-----	----------

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr.	16.236,-
Önnur afhending hunds, innan tveggja mánaða	kr.	22.924,-
Þriðja afhending hunds, innan tveggja mánaða	kr.	29.731,-

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

### 6. gr.



Gjalddagar skv. 3. gr. eru tveir ár hvert, 1. mars og 1. september og eindagar 31. mars og 30. september. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

#### 7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af heilbrigðiseftirliti þar sem námskeiðið er haldið er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessa.

#### 8. gr.

Verðskrá fyrir dvalar- og geymslukostnað.

A) Verð pr. sólarhring fyrir hund	kr.	2.629,-
-----------------------------------	-----	---------

Hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni greiðslu fyrir dvalar- og geymslukostnaðar.

#### 9. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 440/2013, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1312/2017.

Selfossi,

Gísli Halldór Halldórsson,  
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar.